

Nd.

335. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á allmörgum fundum. Nefndarmenn voru fylgjandi efni frv., en ákvæði 1. gr. voru nokkuð óljós og gátu valdið misskilningi. Auk þess þótti nefndinni ekki rétt að binda ákvæðið um aukið framlag til byggingarframkvæmda við ákveðna fólkstölu í héruðunum. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Fyrsta efnismálgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveimur þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Alþingi, 10. febr. 1949.

Sig. E. Hlíðar, Helgi Jónasson, Hallgrímur Benediktsson.
form. fundaskr., frsm.

Gylfi Þ. Gíslason. Katrín Thoroddsen.